

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2015
Tilvísun: 2015120006/22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Umsögn um matsskyldu Svartárvirkjunar í Bárðardal

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um *Fyrirspurn um matsskyldu* vegna Svartárvirkjunar í Bárðardal, Þingeyjarsýslu.

Fyrirhuguð Svartárvirkjunin fellur utan laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, rammaáætlunar, þar sem hún nær ekki 10 MW af uppsettu rafafli, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Fyrirhuguð er 9,8 MW virkjun sem er háð virkjunarleyfi frá Orkustofnun, sbr. ákvæði í 1. mgr. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Af því leiðir að til stofnunarinnar mun berast umsókn SSB Orku ehf. um virkjunarleyfi fyrir virkjunina. Orkustofnun tekur einnig mið af ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923 einkum VI. kafli. varðandi *Mannvirkjagerð og miðlun vatns*. Samkvæmt ákvæðum vatnalaga fer Orkustofnun með stjórnýslu og eftirlit samkvæmt lögnum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað, sbr. 2. mgr. 143. gr. laganna. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Fyrirhuguð virkjunin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sem kveður á um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í B-flokki 1. Viðauka tl. 3.22 við lögina skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. raforkulaga getur Orkustofnun sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis, m.a. skilyrði er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu. Þannig tekur Orkustofnun, eftir atvikum, m.a. mið af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna við leyfisveitingu sína. Afstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þarf því að liggja fyrir áður en afstaða til virkjunarleyfis er tekin af hálfu Orkustofnunar, komi til þess og hvort af slíkri leyfisveitingu verði eða ekki. Unnt er að kæra ákvarðanir Orkustofnunar varðandi leyfisveitingu, af eða á, til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við þá skýrslu VERÍS hf. og SSB Orku ehf. um *Fyrirspurn um matsskyldu* vegna mats umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar í Bárðardal. Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um virkjunarleyfi á grundvelli raforkulaga, komi til þess.

Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen

Erla Björk Þorgeirsdóttir

